

Breytingar á almannatryggingakerfinu og yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá 5. desember 2007. – Seinni hluti

Hér birtist seinni hluti greinar um helstu breytingar á almannatryggingakerfinu um síðastliðin áramót og boðaðar breytingar á þessu ári. Fyrri hlutinn birtist í síðasta tölublaði. Þá er í lokin sagt frá nýsamþykktu frumvarpi félagsmálaráðherra um breytingar á lögum um almannatryggingar og málefni aldraðra.

Séreignarsparnaður

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. desember 2007 er boðað að frá og með 1. janúar 2009 skerðist lífeyrisgreiðslur ekki vegna innlausnar séreignarsparnaðar. Það er vel en þangað til sú breyting gengur í garð skiptir máli að fólk sé vel upplýst um núgildandi fyrirkomulag þannig að ekki komi til verulegra bakreikninga. Þeim sem er ókunnugt um að þeir þurfi að leysa út séreignarsparnað sinn áður en þeir verða 67 ára verða fyrir skerðingum á greiðslum almannatrygginga. En eins og áður segir verða skerðingar á lífeyrisgreiðslum vegna séreignarsparnaðar aflagðar frá 1. janúar 2009.

Að draga úr of- og vangreiðslum tryggingabóta

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að frá 1. apríl árið 2008 verði 345 milljónum króna varið, og 460 milljónum á heilu ári, til sérstakra aðgerða til að draga úr of- og vangreiðslum tryggingabóta. Fjölmargir lífeyrisþegar lenda í þessu og ofgreiðslurnar geta verið mjög erfiðar. Ómögulegt er í mörgum tilfellum að áætla samtímatekjur, t.d. vegna óvissu um þróun fjármagnstekna.

Þá er það einnig svo að smávægileg hækkun atvinnutekna, t.d. um einungis 5 krónur á mánuði á ákveðnu tekjubili, getur orðið til þess að ellilífeyrisþegi missi lífeyri frá TR upp á um 580 þúsund krónur á ári. Þetta gerist ef ellilífeyrisþegi fer yfir 277.009 krónur í atvinnutekjur á mánuði (öryrki yfir 298.604 krónur á mánuði).

Töluverðar greiðslur frá TR geta fallið niður vegna minniháttar launahækkunar

Ellilífeyrisþegi sem býr einn fær fimm króna launahækkun á mánuði			
Krónur á mánuði	Fyrir tekjuhækkun	Eftir fimm kr. tekjuhækkun	Hækkun/lækkun í krónum
Atvinnutekjur	277.005	277.010	5
Ellilífeyrir	1	0	-1
Tekjutrygging	43.060	0	-43.060
Heimilisuppbót	5.119	0	-5.119
Samtals frá TR	48.180	0	
Tekjubr. á mán.			-48.175

Bakreikningurinn gæti orðið enn hærri hjá öryrkjum. Þessi ótrúlega gildra hefur verið allt of lengi í almannatryggingakerfinu en vonandi stendur til að fjarlægja hana hið allra fyrsta.

Lágmark 25 þúsund krónur frá lífeyrissjóði

Boðað er í yfirlýsingunni að ríkissjóður muni tryggja að ellilífeyrisþegar fái að lágmarki 25 þúsund krónur á mánuði frá lífeyrissjóði frá 1. júlí 2008. Sambærilegur ávinningur er boðaður fyrir öryrkja. Gefið hefur verið til kynna að þetta sé gert til að leysa sérstaklega vanda þeirra sem lítið eða ekkert hafa frá lífeyrissjóðum. Þar er að stórum hluta um að ræða elstu ellilífeyrisþegana, öryrkja

Yfirlit

Breytingar á almannatryggingakerfinu og yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá 5. desember 2007. – Seinni hluti

í hópi ellilífeyrisþega, húsmæður og sjálfstæða atvinnurekendur sem greiddu lítið eða ekkert í lífeyrissjóð eða byrjuðu seint að greiða þangað. Miklu skiptir hvernig þetta verður útfært.

Miðað við núverandi skerðingar í kerfinu fær sá sem mun njóta þessarar nýju greiðslu að fullu, það er 25.000 krónur á mánuði, aðeins 8.091 krónur eftir skatta og skerðingar. Hann heldur sem sagt eftir tæpum þriðjungi af greiðslunni.

Eftir skerðingar og skatta: Hvað er eftir af 25.000 króna lífeyrissjóðstekjum á mánuði? (Býr einn)

Tekjur frá sérstökum lífeyrissjóði	25.000
38,35% skerðing v/ tekjutryggingar:	9.588
11,30% skerðing v/ heimilisuppbótar:	2.852
Heldur eftir fyrir skatta:	12.587
Skattur á auknar tekjur 35,72%:	4.496
Heldur eftir samtals:	8.091

Að auki má velta fyrir sér hvort hér eigi að búa til nýtt kerfi til hliðar við kerfi almannatrygginga og lífeyrissjóða. Hver á að framkvæma og hvernig? Spurningar vakna um hvort í senn: Hvort bótaþegi fái greiðslu úr lífeyrissjóði án þess að hafa greitt í hann og eins hve skerðingar vegna greiðslna þaðan eru miklar í almannatryggingum. Þetta hlýtur að draga úr tiltrú fólks á lífeyrissjóðakerfið en það hefur tæpast verið ætlunin.

Ef til vill væri nær að hækka einfaldlega upphæðir grunnlífeyris og tekjutryggingar til að mæta þessum vanda og taka upp frítekjumark á tekjur úr lífeyrissjóðum eins og nú hefur loksins verið komið á vegna tekna af atvinnu, en meira um það síðar.

Að auki eru uppi efasemdir um hvort greiða eigi þeim, sem eru yfir 67 ára eða 70 ára og sem e.t.v. hafa gríðarlega háar atvinnutekjur en engar tekjur frá lífeyrissjóði, þessar 25 þúsund krónur eða hvort hér eigi að vera tekjutenging en það myndi stangast á við annað í kerfi almannatrygginga.

Breyting kaupmáttar ráðstöfunartekna: Dæmi

Þar sem margar breytingar eiga sér stað á sama tíma, m.a. á skattkerfinu, vegna verðbólgu, hækkun bótagreiðslna og breytinga á frítekjumörkum, skerðingarmörkum og mismunandi tímabilum sem viðmiðunartekjur eru lagðar til grundvallar var ákveðið að láta reikna út dæmigerðan ellilífeyrisþega og þróun ráðstöfunartekna hans í gegnum árin. Í samvinnu sérfræðinga heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Landssambands eldri borgara (LEB), fyrir samráðsnefnd um öldrunarmál sem lauk störfum árið 2005, var reiknaður út kaupmáttur ráðstöfunartekna fyrir þann sem hafði einungis tekjur frá lífeyrissjóði auk tekna frá TR, þó þannig að hann hefði engan tekjutryggingarauka en fulla tekjutryggingu. Hann hafði krónur 47.600 frá lífeyrissjóði það árið. Ef greiðslurnar eru framreiknaðar er niðurstaðan sú að kaupmáttur ráðstöfunartekna hans hafði hækkað um 4,6% samtals frá 1988 og til 2008 en um 14,6% frá 1995 til 2008. Til samanburðar má nefna að hækkun launa umfram verðlag á almennum markaði eins og launavísitalan mælir er 45,6% frá 1988-2007 og 26,8% frá 1995 -2007.

Dæmi: Ellilífeyrisþegi sem býr ekki einn. Hafði einungis tekjur frá lífeyrissjóði fyrir utan greiðslna frá TR. Fékk fulla tekjutryggingu en engan tekjutryggingarauka árið 2005. Lífeyrissjóðstekjur á mán. þá 47.600 kr.

Tekjur frá lífeyrissjóði á mánuði	Kaupmáttur ráðstöfunartekna. Hækkun 1995-2008	Kaupmáttur ráðstöfunartekna. Hækkun 1988-2008
47.600	14,6%	4,6%

Meginskýringin á þessum litlu hækkunum fyrir ellilífeyrisþegann - þrátt fyrir minni skerðingar og hærri upphæðir bótaflokka - er ekki síst raunlækkun skattleysismarka og þar af leiðandi hærri skattgreiðslna á lægri tekjur. Auk þess drógust greiðslur almannatrygginga aftur úr launaþróuninni á tímabilinu. Greiðslur frá lífeyrissjóðum í þessu dæmi hækka til samræmis við verðlag eins og verið hefur hjá almennu sjóðunum.

Skattar af tekjum hafa þróast þannig að nú eru greidd nær heil mánaðarlaun af lágum tekjum á ári í aukna skattbyrði miðað við það sem greitt var við upptöku staðgreiðslunnar árið 1988. Er þá aðeins verið að tala um sömu rauntekjur allan tímann – hærri rauntekjur þýða enn meiri aukningu á skattbyrði. Hækkun skattleysismarkanna hefur því verið sérstaklega brýnt hagsmunamál lægri tekjuhópanna. Ef þau hefðu fylgt launaþróun ættu þau að vera yfir 150 þúsund krónur á mánuði - ekki rúmar 95 þúsund eins og þau eru nú.

Vissulega eru til þeir hópar sem munu njóta meiri hækkunar en þetta, sérstaklega þeir sem geta aflað atvinnutekna sem einhverju nemur og nýtt sér aukin frítekjumörk.

Skerðingarprósenta, frítekjumörk og 10% skattur á tekjur úr lífeyrissjóði

Fyrirheit hafa verið gefin um 10% skatt á tekjur úr lífeyrissjóði en hann er nú 35,72% eins og kunnugt er. Þessu lofaði Samfylkingin m.a. fyrir kosningar.

Mikilvægt er að undirstrika að meginhluti tekna eldri borgara að frátöldum tekjum frá almannatryggingum kemur frá lífeyrissjóðum. Því er mjög mikilvægt að undanskilja hluta lífeyristekna skerðingum í almannatryggingakerfinu eins og segir í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar. Þannig gæti frítekjumark upp á 50 – 100 þúsund vegna tekna frá lífeyrissjóði breytt miklu um hag meirihluta ellilífeyrisþega.

Til að átta sig á hvernig áhrif mismunandi útfærslur á minni skerðingum og sköttum eru má skoða eftirfarandi töflu:

Dæmi um lífeyrisþega með 50.000 kr. frá lífeyrissjóði á mánuði, hækkun í krónum.

	Hækkun í kr.
Skerðing úr 38,35% í 35%. Hækkun eftir skatta mánuði.	1.077
Frítekjumark lífeyrissjóðstekna. 50 þús. kr. á mánuði. Hækkun eftir skatta á mánuði:	12.326
Frítekjumark lífeyrissjóðstekna. 50 þús. kr. og 10% skattur á tekjur úr lífeyrissjóði:	25.186

Þannig myndi ellilífeyrisþegi sem er með 50.000 krónur úr lífeyrissjóði á mánuði og frítekjumark úr lífeyrissjóðum upp á 50 þúsund krónur á mánuði fá 12.326 krónum meira á mánuði eftir skatta eða rúmlega 11 sinnum meira en lækkuð skerðingarprósenta úr 38,35% í 35% skilar. Ef einnig væri 10% skattur á tekjur úr lífeyrissjóði fengi hann yfir 25.000 krónum meira á mánuði. Það munar um það.

Nýtt frumvarp Félagsmálaráðherra um breytingu á lögum um almannatryggingar - samþykkt 13. mars 2008

(Nr.100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.)

Nú í lok febrúar 2008 lagði félagsmálaráðherra fram nýtt frumvarp um breytingu á lögum um almannatryggingar sem varð að lögum þann 13. mars 2008. Til viðbótar því sem frá er greint í síðasta Dreifibréfi BSRB og hér á undan eru m.a. eftirfarandi breytingar:

I. Sérstakt frítekjumark upp á 90. 000 krónur á ári sett á fjármagnstekjur þar sem stór hluti ofgreiðslna sem myndast hjá greiðsluþegum kemur til vegna þess að þeir hafa ekki tilkynnt fjármagnstekjur sínar til Tryggingastofnunar (TR).

II. Frítekjumark örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega vegna lífeyrissjóðstekna upp á krónur 300 þúsund á ári eða 25.000 krónur á mánuði. Þannig skerða tekjur upp að þessu marki ekki tekjutryggingu eða heimilisuppbót.

Í athugasemdum við þessa grein frumvarpsins segir m.a.: „Með þessari breytingu er jafnframt komið til móts við áherslur lífeyrissjóðanna um að dregið verði úr víxlverkandi skerðingum milli bótagreiðslna úr lífeyrissjóðunum annars vegar og almannatryggingum hins vegar. Hið sama gildir um heimilisuppbót samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, sbr. 8. gr. þeirra laga”.

Með sömu rökum og í þessum athugasemdum má segja að setja ætti jafnframt frítekjumörk fyrir ellilífeyrisþega vegna lífeyrissjóðstekna en það er ekki gert í þessu frumvarpi. Áfram er gert ráð fyrir skerðingu tekjutryggingar og heimilisuppbótar frá fyrstu krónu sem kemur frá lífeyrissjóðum.

Frítækjumark vegna tekna úr lífeyrissjóði fyrir örorkulífeyris- og endurhæfingarlífeyrisþega getur bætt kjör þeirra sem mest þurfa á því að halda. Í raun koma þau hinum tekjulægri mun betur en lækkun skerðingarprósentu sem kemur hinum tekjuhærri betur.

Eftir að þetta frumvarp varð að lögum eru komin alls konar frítækjumörk vegna atvinnutekna, bæði fyrir öryrkja og aldraða, vegna fjármagnstekna fyrir öryrkja og aldraða og vegna lífeyrissjóðstekna fyrir öryrkja og endurhæfingarlífeyrisþega. Eftir stendur að bætur ellilífeyrisþega skerðast frá fyrstu krónu sem þeir fá úr lífeyrissjóði. Raunar er það svo að ellilífeyrisþegi með tekjutryggingu sem býr einn missir 2/3 af tekjum sínum úr lífeyrissjóði aftur í skerðingu og skatta. Þar þyrfti líka að stíga fyrsta skrefið í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar frá því í maí 2007. Þar stendur: „ Skoðað verði hvort undanskilja megji hluta af lífeyrissjóðstekjum eldri borgara skerðingum í almannatryggingakerfinu“

Lífeyrissjóðstekjur eru megintekjustofn ellilífeyrisþega að frátöldum greiðslum frá TR svo meðferð þeirra tekna skiptir flesta mestu máli.

Vitað er að þetta kostar hið opinbera hærri fjárhæðir vegna minni skerðinga á greiðslur TR en margar aðrar aðgerðir en frítækjumark vegna lífeyrissjóðstekna ellilífeyrisþega er réttlætismál sem ætti ekki síst að skoða í samhengi við þá framkvæmd að tryggja þeim að lágmarki 25 þúsund krónur í lífeyrissjóðstekjur á mánuði (nefnt hér á eftir). Ef skerðing vegna þessara lífeyrissjóðstekna yrði eins hugsuð og annarra tekna frá lífeyrissjóðum væru þessar 25.000 krónur fremur sýndarveruleiki en veruleg kjarabót. Þá myndi ellilífeyrisþegi, sem hefur tekjutryggingu og ekkert hafði úr lífeyrissjóði og fengi þessar 25.000 krónur á mánuði, einungis halda eftir 8.091 krónu eftir skatta og skerðingar. Eftir stæði minna en 1/3 af greiðslunni. Til að eitthvað meira yrði úr þessari sérstöku greiðslu myndi frítækjumark eins og öryrkjarnir munu njóta skv. frumvarpinu koma til bóta en einnig verulega hækkuð skattleysismörk eða að tekjur úr lífeyrissjóði yrðu að a.m.k. að meginhluta skattlagðar eins og fjármagnstekjur með 10% skatti en ekki með núverandi staðgreiðslu upp á 35,72%.

III. Skerðingarhlutfall ellilífeyris lækkar úr 30% í 25% frá 1. apríl 2008 og verður eins og hjá örorkulífeyrisþegum og frítækjumark ellilífeyris hækkað til samræmis við frítækjumörk örorkulífeyris. Þetta dregur úr þeirri hættu að bætur ellilífeyrisþega 67-70 ára falli á krónunni eins og það er kallað. Nú er það svo enn eins og sagði hér á undan að smávægileg hækkun atvinnutekna, t.d. um 5 krónur á mánuði á ákveðnu tekjubili, getur orðið til þess að ellilífeyrisþegi missi lífeyri frá TR upp á tæplega 580 þúsund krónur á ári. Hækkun frítækjumarka atvinnutekna (1.júlí 2008), 90 þúsund króna frítækjumark á ári vegna fjármagnstekna og lækkun skerðingarhlutfalls ellilífeyris (1. apríl 2008), dregur verulega úr hættunni á að lífeyrisþegar lendi í þessari ótrúlegu gildru og er það vel.

IV. Þá er fyrirhuguð breyting á aldurstengdum örorkuuppbótum. Gert er ráð fyrir hækkun á hlutfalli af óskertum mánaðarlegum örorkulífeyri en með því fjölgar þeim sem fá 100% uppbót vegna ungs aldurs. Í mörg ár hefur verið uppi ágreiningur um línulega hækkun ár fyrir ár á aldurstengdu örorkubótunum. Þetta var gagnrýnt mikið af fulltrúum öryrkja í tíð síðustu ríkisstjórnar og þáverandi stjórnarandstöðu og stóð ágreiningurinn um 500 milljón krónur sem til þyrfti til þess að þetta næðist. Þetta frumvarp fer skref í átt að línulegu hækkuninni en þær 200 milljónir sem í þetta eiga að fara ná þó ekki hálfri leið að því sem uppá vantar.

Til að afskrá sig af póstlista þessum er hægt að senda tölvupóst á netfangið ragnar@bsrb.is og taka fram að þess sé óskað.